

Félag eldri borgara á Akureyri

Stjórnarfundur EBAK 13. mars 2018 12. fundargerð.

Mættir: Haukur Halldórsson formaður, Halldór Gunnarsson varaformaður, Dóra Steinunn Jónasdóttir gjaldkeri, Hallgrímur Gíslason og varamennirnir Kolbrún Kristjánsdóttir og Garðar Lárusson. Fjarverandi: Margrét Pétursdóttir ritari og Jón Aðalsteinn Baldvinsson, Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir og Egill Jónsson.

1. Formaður setti 12. stjórnarfund EBAK 2017-2018 kl. 13:00.
2. Fundargerð nr. 11 frá 27. febr. sl. yfirfarin og afgreidd.
3. Dagbók á skrifstofu yfirfarin og rædd. Halldór var 28. febrúar og Haukur 7. mars. Nokkrir sögðu sig úr félaginu, en flest erindin sneru að innheimtu árgjalda.
4. Umfjöllun um verkefni milli stjórnarfunda.
 - a) Á fundi FKR 8. mars sl. var einkum undirbúin dagskrá 12. stjórnarfundar og rætt um aðalfund.
 - b) 12 einstaklingar mættu á fund með göngunefnd EBAK 9. mars. 7 skráðu sig í gönguskíðaklúbb, 4 gengu inni í Kjarnaskógi kl. 14 þann dag. Framtíðin er óljós, en Halldór ýtir málinu áfram.
 - c) Dóra og Halldór mættu á fund ásamt Önnu Breiðfjörð og Ásrúnu Alfreðsdóttur 28. febr. til að undirbúa fimm skipta dansnámskeið, sem hefst 14. mars og er fullbókað á það.
 - d) Gögn vegna aðalfundar. Tillögur frá stjórn og uppstillinganefnd og lagabreytingar voru sett inn á heimasíðu félagsins 11. mars og lögð fram í báðum félagsmiðstöðvunum 12. mars ásamt ársreikningum.
5. Tillögur stjórnar að lagabreytingum sem lagðar verða fram á aðalfundi 2018 voru kynntar í stuttu máli.
6. Kosning í öldungaráð til næstu fjögurra ára. Óskað var eftir framboðum með auglýsingu í Dagskránni 7. mars sl. Farið var yfir framboðsmál. Arnheiður Kristinsdóttir og Halldór Gunnarsson gefa kost á sér áfram. Aðrir sem hafa boðið sig fram eru í stafrófsröð: Áslaug Magnúsdóttir, Hjörleifur Hallgríms Herbertsson, Jón Aðalsteinn Hermannsson, Sigríður Stefánsdóttir og Valgerður Jónsdóttir. Farið var yfir hlutverk fulltrúa EBAK í ráðinu. Rætt var nokkuð um fyrirkomulag kosninga. Kjósa þarf 4 einstaklinga, 2 af hvoru kyni, það þeirra sem fær fæst atkvæði verður varamaður. Gert er ráð fyrir að hver frambjóðandi fái 2-3 mínútur til að kynna sig á aðalfundinum.
7. Gjaldkeri gerði grein fyrir ársreikningi EBAK 2017. Lagt var til að árgjald félagsins fyrir árið 2019 yrði óbreytt, 2.500 krónur og var það samþykkt.
8. Undirbúningur aðalfundar EBAK 26. mars 2018. a) Formaður áætlað að senda drög að skýrslu stjórnar til stjórnarmanna til yfirlestrar fyrir FKR fund 19. mars. b) Halldór ræðir við formenn nefnda og annarra hópa, sem flytja eiga skýrslur á aðalfundi. Hámarkstími er 5 mínútur. c) Endurskoðaðir ársreikningar verða lagðir fram á FKR fundi 19. mars og síðan verður skipt um þá í möppum í félagsmiðstöðvunum. d) Lagt verður til að Margrét Pétursdóttir og Garðar Lárusson annast fundarritun á aðalfundi. e) Hákon Hákonarson verður tilnefndur sem fundarstjóri., e) Dóra tók að sér að ræða við Veru Sigurðardóttur, formann kaffinefndar um veitingar á aðalfundinum, en nefndin og starfsstúlka félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu annast þær. f) Ákveðið var að leggja

dagskrá fundarins og rekstrarreikning félagsins í prentuðu formi fyrir fundarmenn á aðalfundinum. g) Lesin voru drög að ályktun aðalfundar um nýtingu og hugsanlegar breytingar á húsnæði félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu. Einnig voru lesin drög að ályktun þar sem fagnað var stofnun Öldungaráðs og vonast var eftir góðu og öflugum starfi hjá ráðinu.

9. Haukur, sem er fulltrúi stjórnar LEB í laganevnd þess, kynnti tillögur að lagabreytingum sem leggja á fyrir á auka landsfundi LEB 24. apríl nk. Meðal annars er þar fjallað um breytingar á fulltrúafjölda. Samkvæmt tillögunum myndi EBAK fá sex fulltrúa í stað fjögurra.
10. Haldinn var fundur í öldungaráði Akureyrarkaupstaðar 6. mars. sl. Akureyrarbær og fleiri sveitarfélög eru með samning við landlæknisembættið um lýðheilsueflingu. Kristinn J Reimarsson sviðstjóri samfélagssviðs er að undirbúa dagskrá opins kynningarfundar EBAK og öldungaráðsins fyrir eða um miðjan maí.
11. Næsti stjórnarfundur EBAK verður þriðjudaginn 10. apríl nk. kl. 13:00.
12. Viðvera á skrifstofu: 14. mars Garðar; 21. mars Halldóra; 28. mars Egill; 4. apríl Hallgrímur.
13. Önnur mál.
 - a) Rætt var bréf frá Jónasínu Arnbjörnsdóttur vegna heilsuræktarstyrks. Formanni falið að hafa samband við viðkomandi og greina henni frá því að félagið hefði ekki fjármuni til þess að styrkja félagan almennt vegna líkamsræktar þeirra. Samþykkt var að vísa því til öldungaráðs hvort Akureyrarbær hefði fjármuni til þess að veita eldri borgurum almennt fjárstyrk vegna heilsuræktar.
 - b) Rætt var erindi frá starfsfólki í Bugðusíðu 1 um óþrifnað af sígarettustubbum við húsið. Garðar ætla að kanna hvar hægt er að fá stubbahús, sem ákveðið var að festa kaup á.
 - c) Rætt var bréf frá Hjörleifi Hallgríms um kráarkvöld og hugmynd um stækkun salarins í Bugðusíðu 1. Ályktun um málið verður lögð fram af stjórn á aðalfundi.
 - d) Lagt fram bréf frá félagan um tölvuaðstoð, sem var ákveðið að vísa frá.
 - e) Garðar hefur kannað með matreiðslunámskeið fyrir félagan. Húsnæði, aðstaða og kennarar, sem eru til í að sjá um námskeið, eru til staðar í VMA. Garðari falið að kanna betur hjá VMA (stjórnendum og kennurum) kostnað við námskeið í matreiðslu þ.e. húsaleigu, laun leiðbeinenda o.fl. Garðar kynni niðurstöður málsins á næsta stjórnarfundum.

Fundi slitið kl. 15:40.

Hallgrímur Gíslason.